

Stofnanasamningur
Vinnueftirlits ríkisins og SFR
skv. samkomulagi um breytingar á kjarasamningi fjármálaráðherra
f.h. ríkissjóðs og SFR – stéttarfélags í almannajónustu dags. 9. mars
2005.

1. Gildissvið

Samkomulag þetta er gert á grundvelli samkomulags um breytingar á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SFR – stéttarfélags í almannajónustu dags. 5. mars 2005. Samkomulag þetta nær til félagsmanna í SFR sem ráðnir eru til starfa hjá Vinnueftirliti ríkisins. Samkomulagið gildir frá og með 1. maí 2006. Samkomulag sömu aðila frá 21. nóvember 2002 fellur niður frá undirritun þessa samkomulags.

2. Markmið

Aðilar eru sammála um að meginmarkmið með þessum samningi sé eftirfarandi:

- að skapa samræmt launakerfi innan stofnunarinnar og eðlilegt launastig miðað við aðrar sambærilegar stofnanir
- að launakerfið verði gagnsætt og að ákvarðanir í launamálum verði teknar með málefnalegum hætti
- að gera launakerfið hvetjandi til aukinna afkasta og góðrar frammistöðu starfsmanna og bættis árangurs stofnunarinnar
- að launakerfið stuðli að uppfyllingu gagnkvæmra væntinga starfsmanna og stofnunar
- að heildarlaunakostnaður stofnunarinnar hækki ekki umfram það sem fjárheimildir gera henni kleift að standa undir
- lögð verði áhersla á samþættingu vinnu og fjölskyldulífs og að vinnutíma verði stillt í hóf

3. Skilgreining starfa og grunnröðun

Launakerfi Vinnueftirlitsins byggir á eftirfarandi flokkun starfa hjá stofnuninni. Þegar einstökum störfum er grunnraðað í þessa flokka skal miðað við viðvarandi/stöðugt verksvið hvers starfs. Eins árs starfsaldur er felldur inn í grunnlaunin.

Fulltrúi 2

14

Innkaupafulltrúi, fulltrúi í slysaskráningu, fulltrúi við síma og afgreiðslu fulltrúi á umdæmisskrifstofu. Starfsmenn ráðnir til vandasamra tímabundinna verkefna.

Fulltrúi 3

16

Einkaritari forstjóra, bókarari og tölvari. Fulltrúar sem jafnframt eru leiðbeinendur fyrir aðra fulltrúa.

Aðalbókari	Aðalbókari sér um bókhald og annast uppgjör o.fl.	22
Eftirlitsmaður		16
Aðstoðarumdæmisstjóri:		
	Er aðstoðarmaður umdæmisstjóra og stýrir umdæmi í fjarveru hans.	19
Umd.stj. 1	Umdæmisstjórar umdæma með fimm eða færri starfsmönnum	19
Umd.stj. 2	Umdæmisstjórar umdæma með fleiri en fimm starfsmönnum	25
Fræðslufulltrúi.		22
Aðstoðardeildarstjóri		22
	Aðstoðardeildarstjóri er aðstoðarmaður deildarstjóra og stýrir deild í fjarveru hans.	
Fagstjóri		22
	Sérfræðingur sem hefur með höndum stjórnun ákveðins fagsviðs innan stofnunarinnar.	
Verkefnastjóri		22
	Sérfræðingur sem hefur með höndum stjórnun stórra verkefna innan stofnunarinnar.	
Deildarstjóri.		28
	Deildarstjóri sem ber ábyrgð á rekstri deildar gagnvart forstjóra. Hann annast skipulagningu og áætlanagerð og samhæfingu við meginmarkmið stofnunarinnar. Hann hefur umsjón með starfi annarra starfsmanna deildarinnar og leggur mat á árangur þeirra. Deildarstjóri undirbýr ráðningu starfsmanna í umboði forstjóra.	
5. Starfsreynsla		
	Eftir fjögurra ára starf hækka starfsmenn um einn launaflokk.	
5. Menntun		
	Grunnröðun fulltrúa miðast við að þeir hafi menntun í skrifstofustörfum og tölvuvinnslu en fulltrúar sem hafa lokið stúdentsprófi raðast einum launaflokki ofar en ella.	
	Grunnröðun eftirlitsmanna miðast við að starfsmaður sem gegnir starfinu hafi lokið iðnprófi, stúdentsprófi eða hliðstæðu námi.	
	Starfsmenn sem lokið hafa eins til tveggja ára viðbótarmenntun sem nýtist í starfi skulu raðast einum launaflokki ofar en ella. Þeir sem lokið hafa þriggja ára eða lengra námi skulu raðast tveimur flokkum ofar en ella.	

Starfsmenn sem lokið hafa námskeiðum á vegum samningsaðila sem nýtast í starfi skulu fá viðbótarhækkanir sem hér segir:

Allir fulltrúar	60 stunda námskeið 1 launafl. 120 stunda námskeið 1 launafl.
-----------------	---

Eftirlitsmenn	300 stunda starfsnám 1 launafl. 600 stunda starfsnám 1 launafl.
---------------	--

Umdæmisstjórar og aðstoðarumdæmisstjórar:	300 stunda starfsnám 1 launafl. 600 stunda starfsnám 1 launafl.
---	--

Aðrir starfsmenn eiga ekki rétt til launahækkana vegna námskeiða.

6. Viðbótarhækkanir vegna álags, ábyrgðar, hæfni og frammistöðu.

Til viðbótar þeirri röðun sem felst í greinum 3, 4 og 5 geta komið hækkanir vegna sérstakrar ábyrgðar eða álags sem fylgir starfi umfram það sem fram kemur í grunnröðun þess og vegna mats á hæfni og frammistöðu í starfi. Við ákvörðun um slíka hækkun skal eftirfarandi metið:

- Hæfniskröfur umfram það sem almennt gerist, sérstök ábyrgð eða álag.
- Frammistaða við úrlausn verkefna, þ.e. hæfni til að skipuleggja, framkvæma og fylgja eftir verkefnum, allt innan eðlilegra tímamarka og með eðlilegum afköstum.
- Sjálfstæð vinnubrögð, þ.e. hæfni til að vinna sjálfstætt að verkefnum en þó í nauðsynlegu samráði við aðra.
- Frumkvæði í starfi og auðsýndur áhugi á málefnum þeim sem stofnunin starfar að.
- Þekkingaröflun og miðlun þekkingar, innan stofnunar sem utan .
- Hæfni til mannlegra samskipta og tjáningar.
- Hæfni til þátttöku í stefnumótun og áætlanagerð og til ábyrgðar í rekstrarlegum málefnum (deildarstjórar).

Fái starfsmaður hækkaður skv. ofanefndu skal gera grein fyrir því í samstarfsnefnd.

7. Réttur til endurmats á röðun

Sé starfi breytt eða starfsmanni falin verkefni tímabundið sem gera auknar kröfur þannig að flokkun starfsins sé ekki í samræmi við forsendur í 3. gr. skal röðun starfs eða starfsmanns tekin til endurskoðunar í samræmi við ákvæði samkomulags þessa

8. Endurskoðun

Samkomulag þetta skal endurskoða í september ár hvert ef annar hvor aðili óskar þess.

Reykjavík 20. september 2006

f.h. Vinnueftirlits ríkisins

f.h. SFR

Eftirfarandi bókanir eru fylgirit stofnansamnings milli SFR- starfsmanna hjá VER og Vinnueftirlits ríkisins .

Bókun 1

Starfsheitið fulltrúi 1 og eftirlitsmaður 1 detti út úr samningnum.

Bókun 2

Við ráðningu í starf fulltrúa er gengið út frá því að starfsmenn hafi menntun í skrifstofustörfum og tölvuvinnslu sem nýtist í starfi. Hafi starfsmaður sem gegnir fulltrúastarfi stúdentspróf greiðist 1 launaflokkur vegna viðbótarmenntunar.

Bókun 3

Eins árs starfsaldurshækkun gamla samningsins verður tekin inn í grunnlaun.

Bókun 4

Fyrsta námskeiðshækkun eftirlitsmanna verður tekin inn í grunnlaun. Eftir standa tveir námskeiðsflokkar.

Bókun 5

Nýtt starfsheiti *verkefnisstjóri* komi inn sem raðast eins og fagstjóri.

Bókun 6

Gert er ráð fyrir að VER fái 1,2% framlag ofan á laun til að auka launajafnrétti skv. aðalkjarasamningi. Þegar þetta liggur fyrir verða grunnlaun fulltrúa hækkuð um einn launaflokk samfara breyttri starfslýsingu.

Bókun 7

Forstjóra er heimilt að flýta námskeiðshækkunum þegar viðkomandi hefur menntun, þjálfun og starfsreynslu sem metin er jafngild námskeiðunum.

Bókun 8

Forstjóra er heimilt að flýta fjögurra ára starfsaldurshækkun.

Bókun 9

Grunnlaun fulltrúar 2 og 3 er hækkað um 1 hl. Vísað er til bókunar 2 með kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra umjafnréttismál.